

3. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum, öðrum en heimilum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins. Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki.

Flokkunin er sem hér segir:

A	kr. 6.200	urðað magn áætlað að	12 m ³	á ári
B	kr. 15.550	urðað magn áætlað að	12 - 48 m ³	á ári
C	kr. 37.400	urðað magn áætlað að	48 - 96 m ³	á ári
D	kr. 49.800	urðað magn áætlað að	96 m ³ og meira	á ári.

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem magn úrgangs fellur til tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Gjalddagi sorpeyðingargjalds samkvæmt 3. gr. er 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 202/1995.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sígurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

a. Korngarðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi við Reykjavíkurhöfn, austurhöfn, frá nóvember 1994, með síðari breytingum frá 11. nóvember 1997, hvað varðar lóðina Korngarðar 2 – stækkun á viðbyggingu.

Híð breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi.

b. Kringlan 8-12.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 1999 breytingu á deiliskipulagi Kringlusvæðis frá 4. júlí 1994, hvað varðar Kringluna 8-12 – bílastæði og torg.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

c. Áland 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands frá 30. desember 1980, hvað varðar lóðina Áland 1 – tillögur um skilmála og afmörkun byggingarreits.

Tillöguuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

d. Austurstræti 8-10.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar frá 17. nóvember 1986, hvað varðar lóðina Austurstræti 8-10 – breytingar á lóðarmörkum.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

1. gr.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert er ákveðið framlag til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum t.d. kennaramenntunarstofnana, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, skóla, félaga, fyrirtækja og annarra, sem bjóða endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum.

Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og upphalds kennara sem njóta endurmenntunarinnar.

3. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun.